

✉ Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Búið til	3.2.2022 10:24:49
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.2.2022 10:24:48
Tilheyrir	📁 202202-0004 - Leyfi til kvikmyndatöku innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár, True Northnordic.

Efni

Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Upplýsingar

Sent	3.2.2022 10:24:48	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202202-0004 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá Umhverfisstofnun, dags. 31. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn True North Nordic um leyfi til kvikmyndatöku innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og leggst ekki gegn því að leyfið sé veitt. Vegna vetrarveðurs eru aðstæður fremur heppilegar þar sem ólíklegt er að kvikmyndatökan valdi truflun á fuglalífi. Þar sem stefnt er að tökum úti á ísilögðu vatni er ólíklegt að fuglar verði á staðnum í neinum mæli en þar sem tökutíminn er fjórir dagar er mikilvægt að fylgst sé með því og ekki farið í tökurlausn með tilheyrandi hávaðamengun nálægt vökum þar sem fuglar gætu mögulega haldið sig.

Afar mikilvægt er að haldið sé mjög vel utan um mengunarvarnir. Stefnt er að notkun ýmissa efna sem eiga að vera náttúruleg og ekki að safnast fyrir í umhverfinu heldur leysast upp. Náttúrufræðistofnun býr ekki yfir sérfræðiþekkingu til að meta þessi efni sem notuð eru en treystir því að Umhverfisstofnun rýni þau gaumgæfilega og veiti ekki leyfi fyrir notkun efna sem gætu verið skaðleg.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

 NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands
Date: 31.1.2022 15:53:25

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá True Northnordic dags. 24. janúar 2022 um leyfi til kvikmyndatöku innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Í samræmi við 25 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 3. febrúar 2022

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúruverndar, Department for Nature Conservation



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (3 KB)
